

27 háæruverðugi herra, umsóknarbrjef það frá fyrrum aðstoðarpresti í Stafholti, sjera Stefáni 28. janúar Jónssyni, um Helgastaðaprestakall í Suður-Þíngeyjar prófastsdæmi, er þjer senduð hingað með þóknanlegu brjefi yðar 25. nóvember f. á., vil jeg samkvæmt tillögu yðar í brjefi þessu skora á yður, að láta leita á löglegan hátt samkvæmt 10. gr. sbr. 3. gr. í lögum nr. 1, 8. janúar f. á., um hluttöku safnaða í veitingu brauða, tillögu hlutaðeigandi safnaðar um það, hvort hann kjósi heldur, að nefnt brauð verði veitt þessum eina umsækjanda, sem um það hefur sótt, eða að reynt verði fyrst um sinn að útvega því prestspjónustu til bráðabirgða á annan hátt. En jeg skal taka það fram, af því að mjer finnst sambandið á milli 3. og 10. greinar laganna eigi fullkomlega greinilegt, að jeg álít eigi, að til reglulegrar kosningargjörðar þurfi að koma, til að fá tillögu safnaðarins í framangreindu efni, ef sóknarnefndirnar innan þeirra 14 daga, er umsóknarbrjefið á að liggja til sýnis samkvæmt 3. gr., láta prófast vita, að söfnuðurinn ætli eigi að neyta tillögurjettar síns.

28 Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vestur- 3. febr. amtinu um hallærislán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. — Með brjefi þessu var Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitt lán, að upphæð 2200 kr., til að afstýra hallæri, með þeim kjörum, að lánið verði ávaxtað með 4% árlega, og endurborgað með $\frac{1}{8}$ á ári, eða á þann hátt, er alþingi síðar kann að ákveða.

29 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 18. febr. leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., hafið þjer. herra amtmaður, sent hingað ásamt áliti sýslumannsins í Árnessýslu erindi sóknarnefndarinnar í Stokkseyrarsókn, þar sem sótt er um leyfi til að halda lotterí um reidhest til ágóða fyrir hina fyrirhuguðu kirkjubyggingu á Eyrarbakka.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð til frekari birtingar, að jeg veiti leyfi til að halda hið umrædda lotterí á þann hátt og í þeim tilgangi, sem tekið er fram í nefndu brjefi sýslumannsins í Árnessýslu, en forstöðumönnum lotterísins ber nákvæmlega að hegða sjer eptir þeim reglum, er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði hljótist af lotteríinu.

30 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skyldu 19. febr. stjúp barna að framfæra stjúpforeldri sitt. — Í brjefi 12. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hefur hreppsnefndaroddvitinn í Stadarhreppi í Húnavatnssýslu. Gísli Sigurðsson, borið upp þá fyrirspurn, hvort stjúp börn öreigans Arons nokkurs Guðmundssonar, sjeu skyld til að framfæra þennan stjúp föður sinn, og hefur hann jafnframt sent hingað eptirrit af brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. júní 1886, og brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 22. júní 1885, en í báðum þeim brjefum er fyrirspurn nefnds hreppsnefndaroddvita um þetta mál svarað svo, að á stjúp börnum hvíli eigi skylda til að framfæra stjúpforeldri sitt.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, herra amtmaður, til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir ofan nefndum hreppsnefndaroddvita, að jeg er yður samdóma um, að þó álíta megi lögákveðið, að stjúpfaðir eigi að framfæra stjúp börn sín, á meðan hann